



Umsögn heimastjórnar Borgarfjarðar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál.

Heimastjórn Borgarfjarðar eystri lagði fram eftirfarandi bókun á fundi sínum 01.02.21 síðastliðinn:

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum um frumvarp til breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál. Frumvarpið felur í sér breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.

Borgfirðingar hafa árum saman talað fyrir breytingu á umræddum lögum svo halda megi togurum frá heimamiðum smábáta staðarins. Umrætt svæði er í daglegu tali nefnt Skápurinn. Ætíð hefur Borgfirðingum verið tjáð að **ekki sé hægt að setja málið á dagskrá** þar sem það þarfnist lagabreytingar. Nú er verið að breyta lögunum og fer heimastjórn Borgarfjarðar því fram á að eftirfarandi breyting verði gerð í leiðinni:

Að 1. mgr. 5. gr. kafla B.3 sem nú hljóðar svo:

*B.3. Allt árið utan línu sem dregin er **6 sjómílur** utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13)*

Verði breytt svo þar standi:

*B.3. Allt árið utan línu sem dregin er **12 sjómílur** utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).*

Til vara fer heimastjórn fram á að svæðið sunnan Héraðsflóa verði lokað fyrir togveiðum innan 12 sjómílna





Varabæiðnin gæti útfærst á eftirfarandi hátt:

Að 1. mgr. 5. gr. kafla B.3 sem nú hljóðar svo:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílu utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13)

Verði breytt svo þar standi:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílu utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13) þó norðan línu sem dregin er frá Héraðsflóa 65°43'00,00 N – 14°23'00,00 V í réttvísandi austur.

Áður hafði sveitarstjórn Múlaþings samþykkt samhljóða eftirfarandi bókun á fundi sínum 09.12.20:

Sveitarstjórn Múlaþings tekur undir þær athugasemdir er fram koma í bókun heimastjórnar Borgarfjarðar varðandi þau neikvæðu áhrif er núverandi fyrirkomulag hefur á smábátaútgerð á Borgarfirði. **Sveitarstjórn Múlaþings skorar á löggjafann að endurskoða lög um Fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1997 nr. 79 26. maí**, í samræmi við tillögu Heimastjórnar Borgarfjarðar og felur sveitarstjóra og forseta sveitarstjórnar í samráði við formann heimastjórnar Borgarfjarðar að fylgja málinu eftir. Forseta sveitarstjórnar er jafnframt falið að kynna málið fyrir stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Þær athugasemdir sem sveitarstjórn vísar til í bókun sinni koma fram í fyrri bókun heimastjórnar um málið frá 18.11.20.

Heimastjórn Borgarfjarðar fer þess á leit við sveitarstjórn Múlaþings að unnið verði að lokun svokallaðs Skáps fyrir togveiðum. Samkvæmt lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands mega togarar almennt veiða á miðum 12 sjómílu frá landi. Á nokkrum stöðum á landinu mega þeir koma nær og er það tilfellið á Borgarfjarðarmiðum. Þar mega togarar veiða allt að 6 sjómílu frá landi og er umrætt svæði nefnt í daglegu tali „Skápur“. Þetta hefur haft í för með sér að á hverju hausti koma togarar og veiða á heimamiðum Borgfirðinga með þeim afleiðingum að heimasímabátar þurfa róa allt að 40 sjómílu til að eiga von á afla. Þetta er eina slíka svæðið á landinu sem er svo nálægt sjávarþorpi. Þetta ástand er ógn við kjarnaatvinnugrein brothættar byggðar.

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
www.mulathing.is





Meðfylgjandi þessari umsögn mun fylgja stutt samantekt um málið sem við biðjum Atvinnuveganefnd að rýna. Þetta mál er Borgarfirði gríðarlega mikilvægt en ásókn togara á heimamið smábáta er raunveruleg ógn við útgerð og kjarnaatvinnugrein brothættrar byggðar. Á íbúafundi verkefnisins *Brothættar byggðir – Betri Borgarfjörður* verkefni Byggðastofnunar á Borgarfirði eystri sumarið 2019 var eftirfarandi starfsmarkmið samþykkt af öllum fundargestum:

Lokað verði fyrir togveiðar stærri skipa í kálgörðum dagróðrabáta á Borgarfirði eystri

Að lokum vill heimarstjórn Borgarfjarðar benda á eftirfarandi: Í sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs segir: „*Mikilvægt er að efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra.*“ Við biðlum til ríkisstjórnarinnar að standa við sín eigin orð.

f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar

Eypór Stefánsson, formaður

Múlathing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
www.mulathing.is



Skápurinn

Úr greinargerð íbúafundar Brothættra byggða (lítillga breytt og að viðbættum myndum) sem fór fram á að: „Lokað verði fyrir togveiðar stærri skipa í kálgörðum dagróðrabáta á Borgarfirði eystri“


Lokun veiðisvæðis fyrir togveiðum

Í lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands, 1997 nr. 79 26. maí, er hin almenna regla að togarar mega ekki veiða nær landi en sem nemur 12 mílum. Á nokkrum stöðum á landinu eru svæði þar sem þeim er hleypt, oft tímabundið, nær landi. Eitt slíkt svæði nær frá Glettingsnesi og norður á Font á Langanesi og er það í daglegu tali sjómanna kallað „Skápurinn“. Þar mega togarar veiða allt upp að 6 mílum frá landi. Þetta fyrirkomulag kemur útgerðarmönnum og atvinnulífi Borgarfjarðar verulega illa og hefur djúpstæð áhrif á kjarnaatvinnugrein brothættrar byggðar. Skápurinn er opinn togurum allt árið um kring og sker sig frá öðrum slíkum svæðum að því leyti að þar er harður botn en yfirleitt eru slík svæði á linum botnum þar sem sjaldgæfara er að fá bolfiskafla. Þó fyrirfinnast svæði þar sem togarar fá að veiða nálægt landi á hörðum botni en þau eru þá eingöngu opin togurum hluta ársins. Innan Skápsins, nánar tiltekið í suðurhluta hans, eru „heimamið“


dagróðrabáta Borgfirðinga. Hvergi á landinu er sambærilegt svæði sem togarar herja á svo nálægt sjávarþorpi.

Ástæðan fyrir tilurð þessa svæðis er að á seinni hluta síðustu aldar var gerður út lítill togari á Vopnafirði sem bar nafnið Eyvindur Vopni. Þessu svæði var haldið opnu fyrir togveiðar svo auðveldara væri að gera út togara þaðan. Þróun mála hefur orðið sú að að minnsta kosti þrisvar til fjórum sinnum öflugri togarar sækja nú heimamið Borgfirðinga stíft. Það er orðinn árlegur viðburður að í byrjun hvers kvótaárs (1. september) fyllist suðurhluti skápsins af togurum. Þó eru feykigóð fiskimið á þessu svæði fjær landi sem togararnir sigla yfir til að komast inn á sömu mið og dagróðrabátarnir vilja nýta. Þegar togari hefur farið yfir verður í besta falli erfitt, en í raun nánast ómögulegt fyrir minni báta að gera út á handfæri eða línu á því svæði sem hann hefur verið á.

Síðastliðin haust voru sjómenn ítrekað með undir 100 kg afla í handfæraróðrum þegar fiskisæld átti að vera með besta móti. Ástandið hefur verið þannig undanfarin haust að smábátarnir hafa þurft að sigla allt að 40 mílur út fyrir togarana til að finna fengsæl fiskimið. Stór hluti báta á Borgarfirði eru hæggengir sökum nándar við miðin en heimamiðin hafa verið þurrkuð



Mynd 1: Skápurinn nær frá Glettinganesi til Langaness svæði B1 & B3 á mynd. Línurnar á myndinni sýna hvar 6 og 12 sjómílar liggja frá landi. Borgarfjörður merktur með rauðum punkti.



Mynd 2: Heimamið Borgfirðinga. Rauðu línurnar sýna hvar 6 & 12 sjómílar liggja frá landi en farið er fram á að mörk skápsins séu færð út og verði 12 sjómílar frá landi. Milli linanna má finna hvað fengsælustu mið heimabáta á svæðinu. Borgarfjörður merktur með rauðum punkti.

upp. Ekki er að sjá af löndunum þessara togara að verið sé að ná sérstaklega öðrum aflu en þorski. Ástandið er verst í september-október en togarnir sjást svo reglulega alveg fram í janúar. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að þeir mæti í júlí – ágúst og þá yrði erfitt að réttlæta útgerð á strandveiðibátum á svæðinu. Að auki berast fréttir af nýsmíði báta hjá stórútgerðum sem verða hannaðir þannig að þeir megi herja á þetta svæði. Af því hafa útgerðarmenn á Borgarfirði þungar áhyggjur.



Mynd 3 & 4: Dæmigerðir ferlar togara á Borgarfjarðarmiðum. Tekið af marintraffic.com 2020

Það er útgerð staðarins og kjarnaatvinnugrein brothættrar byggðar algjörlega nauðsynlegt að Skápnium sé lokað eða í það minnsta minnkaður í suðurenda hans þ.a. togveiðar væru bannaðar innan 12 mílna frá Glettingsnesi og áleiðis norður að Héraðsflóa. Tímabundin lokun ár hvert frá júlíbyrjun til desember loka væri fullnægjandi. Núverandi fyrirkomulag er ógn við trilluútgerð í brothættri byggð. Varanleg úrlausn felst í því að gera lagabreytingu á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79 frá 26. maí 1997. Það getur verið flókið mál að koma á lagabreytingum og því er bent á að þessu svæði hefur áður verið lokað seint á síðustu öld með reglugerð sem er tiltölulega einfaldari aðgerð en lagabreyting. Þá var nýverið lokað með reglugerð nr. 965/2019; Reglugerð um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland, svæðinu grunnt við Glettingsnes fyrir handfæraveiðum frá 15. maí til 31. júlí ár hvert. Sambærileg reglugerð fyrir lokun togveiða (hluta árs) innan Skápsins væri akkúrat það sem til þyrfti.

Hreppsnefnd gamla Borgarfjarðarhrepps sendi Sjávarútvegsráðuneytinu erindi haustið 2019 þar sem farið var fram á eftirfarandi:

Það er krafa okkar að mörk „skápsins“ verði norðan Borgarfjarðar við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12 mílna mörkum. (Núverandi suðurmörk skápsins eru (Vms 13.) 65°30,50 Réttvísandi austur úr Glettinganesi.) Breytingin gerir ráð fyrir að skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500 verði óheimilar veiðar innan 12 sjómílna í stað 6 sjómílna, flokkar 2 og 3.

Með öðrum orðum þá var farið fram á að 6 mílna mörkin yrðu færð svo sunnan Héraðsflóa gilti 12 mílna fjarlægð frá landi. Þetta minnkar skápin um örfá prósent en verndar heimamiðin. Erindinu var ekki svarað.

Að lokum er bent á eftirfarandi:

Í sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs segir: „Mikilvægt er að efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra.“ Við biðlum til ríkisstjórnarinnar að standa við sín eigin orð.